



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Minnisblað

Reykjavíkurborg hlaut jafnlaunavottun árið 2019 og fékk endurnýjaða vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 árið 2022.

Samkvæmt lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, ber fyrirtækjum og stofnunum, þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli, að uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og hljóta vottun faggilts vottunaraðila á sitt jafnlaunakerfi. Jafnlaunavottun er þess eðlis að til að vinnustaðurinn haldi vottuninni þarf hann að sýna fram á áframhaldandi árangur milli ára.

Endurúttektin á jafnlaunakerfi borgarinnar var framkvæmd af Vottun hf. sem nú hefur staðfest að jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Ein af kröfum staðalsins er að gerð sé greining á launum starfsfólks.

Greining Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á októberlaunum starfsfólks Reykjavíkurborgar sýnir að konur voru með 0,2% lægri heildarlaun en karlar árið 2022 þegar litið er á laun alls starfsfólks borgarinnar óháð starfshlutfalli og að teknu tilliti til kyns, aldurs, menntunar, fagaldurs, yfirvinnu, vakta og starfaflokks.

Hjálögð er skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands með niðurstöðum greiningar á kynbundnum launamun í október 2022 hjá Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið



Greining á kynbundnum launamun í október 2022

Reykjavíkurborg

Febrúar 2023



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Reykjavíkurborg, 2023
Markmið rannsóknar	Að skoða hvort munur sé á launum kvenna og karla sem starfa hjá Reykjavíkurborg

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Úrvinnsla og skýrslugerð	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Sindri Baldur Sævarsson



Efnisyfirlit





1 Helstu niðurstöður	1
1.1 Þróun á kynbundum launamun	3
2 Inngangur	4
3 Aðferð	5
3.1 Gögn	5
3.2 Launabreytur í greiningu	5
3.3 Aðrar breytur í greiningu	6
3.4 Starfsfólk — Bakgrunnsupplýsingar	6
3.4.1 Starfaflokkun	9
3.5 Tölfræðigreining	12
4 Niðurstöður	15
4.1 Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli	16
4.1.1 Uppreiknuð grunnlaun	16
4.1.2 Uppreiknuð heildarlaun	24
4.2 Allt starfsfólk	33
4.2.1 Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks	34
4.3 Greining eftir ríkisfangi	41
4.4 Greining á starfsmatsstigum	45
4.5 Samsetning launa	50
4.5.1 Föst yfirvinna	52
4.5.2 Breytileg yfirvinna	54
4.5.3 Önnur laun	56
5 Heimildir	58
6 Viðauki	59

1 Helstu niðurstöður


Tafla 1. Munur á heildarlaunum karla og kvenna

Óleiðréttur munur	2,1%	Meðalmunur¹ á heildarlaunum allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg óháð fjölda unninna tíma og öðrum skýribreytum (mynd 18).
Leiðréttur munur	-0,2%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum allra karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg að teknu tilliti til aldurs, persónuþátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags (tafla 22).


Tafla 2. Munur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli án tillits til skýribreyta, og að teknu tilliti til skýribreyta

	-1,1%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli sem vinna hjá Reykjavíkurborg (sjá mynd 12).
	2,7%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli að teknu tilliti til aldurs, persónuþátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags (sjá töflu 18).
	-0,1%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli að teknu tilliti til aldurs, persónuþátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og starfaflokks (sjá töflu 18).
	0,3%	Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í ákveðnu starfshlutfalli og í a.m.k. 70% starfshlutfalli að teknu tilliti til aldurs, persónuþátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags og ÍSTARF flokkunar (sjá töflu 19).

¹Hversu mörgum prósentum hærri eða lægri laun kvenna eru en karla. Mínustala þýðir að konur eru lægri.




Mynd 1. Kynjahlutfall eftir yfirstarfaflokki — allt starfsfólk



Mynd 2. Uppreiknuð meðalheildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir yfirstarfaflokki og kyni

1.1 Þróun á kynbundum launamun

Dregið hefur úr kynbundnum launamun starfsfólks borgarinnar síðan mælingar á honum hófust. Mynd 3 sýnir hver kynbundinn launamunur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í 70% til 100% starfshlutfalli hjá Reykjavíkurborg var árin 1995–2009 þegar skýribreytur höfðu verið samræmdar (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2013) að viðbættum þeim launagreiningum sem hafa verið gerðar síðan og hafa byggt á sambærilegri aðferðafræði. Þessi greining er með skýribreyturnar starf (yfirflokkur ÍSTARF-95), aldur, aldur í öðru veldi, starfsaldur, starfsaldur í öðru veldi, starfshlutfall, föst og breytileg yfirvinna. Þó ber að nefna að ekki er stýrt fyrir starfsaldri frá og með árinu 2020, hins vegar er stýrt fyrir aldri, menntun og fagaldri ásamt fjölda stunda í tímavinnu. Mældur launamunur með þessari aðferð hefur almennt farið minnkandi og var 1,8% í október 2020 þegar síðasta könnun með þessu sniði var gerð og -0,3% 2022 sem gefur til kynna 0,3% hærri laun kvenna en karla. Appelsínugulu punktarnir sýnir að konur voru með 0,2% lægri laun en karlar árið 2022 en 0,9% árið 2020 þegar allt starfsfólk er með í greiningu óháð starfshlutfalli.



Mynd 3. Samræmdar tölur um þróun kynbundins launamunar á heildarlaunum starfsfólks Reykjavíkurborgar árin 1995–2022²

²Tölur eru hér samræmdar eftir því sem kostur er. Skýribreytur eru starf (yfirflokkur ÍSTARF-95), aldur, aldur í öðru veldi, starfsaldur og starfsaldur í öðru veldi (bara aldur og aldur í öðru veldi árið 2001, 2020 og 2022) og vinnutími (árið 2009 nær greiningin eingöngu til þeirra sem skrá vinnutíma í Vinnustund, þ.e. 2070 af 3991 starfsmanni). Árin 1999, 2003, 2005 og 2007 er ríkisfang inni sem skýribreyta en ekki er hægt að sjá í skýrslu (Anna Borgþórsdóttir Olsen, 2008) hver kynbundinn launamunur væri án þeirrar skýribreytu. Frá og með 2015 eru persónuþættir vegna menntunar og starfsreynslu með í greiningunni. Árið 2022, ólíkt 2020, var stýrt fyrir fjölda álagsvinnutíma / vaktálagi auk persónuþáttar vegna hæfni. Fjöldi tíma vegna fastrar yfirvinnu og eininga *annarra launa* var skipt upp árið 2022 en launaliðurinn önnur laun var uppreiknaður í heildarlaunum fyrir allt starfsfólk 2020 en ekki 2022. Skilgreining á öðrum launum hefur breyst á milli árunna 2020 og 2022.

2 Inngangur

Lög um innleiðingu jafnlaunavottunar voru samþykkt á Alþingi í júní 2017 en meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Eins og fram kemur í staðlinum ÍST 85:2012 er ein af forsendum þess að skipulagsheild fái vottun að hún hafi látið gera launagreiningu (Jafnlaunastaðallinn ÍST 85). Slík greining felst í kerfisbundinni úttekt á launum og kjörum starfsfólks í þeim tilgangi að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að skipulagsheildin móti sér jafnlaunastefnu, velji sér jafnlaunaviðmið, skilgreini og flokki störf og meti virði þeirra þannig að saman flokkist sömu eða jafnverðmæt störf. Aðaláherslan í staðlinum og lögnum er að greiða skuli sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

Sú launagreining sem hér er lýst er liður í jafnlaunavottun Reykjavíkurborgar og hefur því að meginmarkmiði að:

- greina laun starfsfólks og helstu áhrifaþætti á þau;
- bera saman laun og kjör karla og kvenna innan Reykjavíkurborgar.

Megináhersla í launagreiningunni er á að skoða launasetningu og hvort launamunur skýrist af hlutlægum og málefnalegum ástæðum, svo sem ábyrgð, menntun, starfsreynslu, hæfni og öðrum kröfum starfs en starfsmatsstig eiga að taka tillit til þessara þátta.

Í þessari skýrslu er greint frá því hver munur er á launum karla og kvenna: 1) sem vinna hjá Reykjavíkurborg; 2) sem eru í sömu eða jafnverðmætum störfum.

3 Aðferð

3.1 Gögn

Gögnin sem þessi úttekt byggir á voru fengin úr launakerfi Reykjavíkurborgar og innihalda upplýsingar um launagreiðslur alls starfsfólks sem var á launaskrá í október 2022 ásamt upplýsingum um kyn, aldur, ríkisfang, starfsheiti, starfshlutfall, starfssvið, starfaflokk og ÍSTARF flokk. Einnig fengust upplýsingar um launaflokka vegna persónubátta. Persónubættir eru metnir út frá menntun, starfsreynslu og hæfni. Gögnin innihalda upplýsingar um starfsmatsstig starfsfólks hjá þeim stéttarfélögum sem hafa samið um slíkt.³

Launagreiðslur voru brotnar niður í grunnlaun, breytilega yfirvinnu, fasta yfirvinnu, álag og aðrar greiðslur. Alls voru 10.158 starfsmenn sem fengu laun í október 2022. Af þeim voru 9.457 með ákveðið starfshlutfall. Að auki var 701 sem fékk greitt fyrir tímavinnu og/eða stundakennslu og eru þessir einstaklingar greindir með starfsfólki í ákveðnu starfshlutfalli í sér kafla.

Sumir einstaklingar sinntu fleiri en einu starfi fyrir Reykjavíkurborg á tímabilinu (sjá töflu 5). Í þeim tilvikum er aðeins helsta starf viðkomandi, skilgreint út frá upphæð heildarlauna, hluti af launagreiningunni. Heildarlaun vegna annarra starfa þessara einstaklinga námu alls um 1,5% af summu heildarlauna í október 2022.

3.2 Launabreytur í greiningu

Við greiningu launa voru skoðuð grunnlaun og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og heildarlaun alls starfsfólks. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, greiðslum fyrir fasta- og breytilega yfirvinnu, greiðslum fyrir álag og öðrum greiðslum.

Yfirvinnugreiðslur geta verið fyrir fastan fjölda yfirvinnutíma eða fyrir breytilega yfirvinnu. Greiðslur fyrir fasta yfirvinnu miða við ákveðinn fjölda tíma sem starfsmaður fær á uppgjörstímabili óháð því hvað hann vinnur marga yfirvinnutíma. Greiðslur fyrir breytilega yfirvinnu miða við þann fjölda tíma sem starfsmaður vinnur umfram dagvinnu. Auk mánaðarlauna heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma þannig í stað tímakaups í yfirvinnu. Þar sem margt starfsfólk var í lágu starfshlutfalli voru grunnlaun og heildarlaun uppreiknuð. Við uppreikning á heildarlaunum voru grunnlaun uppreiknuð miðað við 100% starf og öðrum greiðslum fyrir mánuðinn síðan bætt við.

Eins og fram hefur komið var nokkur hluti starfsfólks ekki í ákveðnu starfshlutfalli. Af þeim sökum voru heildarlaun alls starfsfólks loks uppreiknuð miðað við fjölda klukkustunda sem samsvara fullu starfi. Þetta var gert til þess að laun fólks í tímavinnu og starfsfólks í lágu starfshlutfalli væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegna fullu starfi. Var þá taxti fyrir dagvinnu og stundakennslu uppreiknaður miðað við fullt starf. Öðrum launategundum, svosem annarri fastri yfirvinnu, breytilegri yfirvinnu og álagi, var þá bætt við en voru ekki uppreiknaðar.

Greitt er sérstaklega fyrir menntun, starfsreynslu og sérstaka hæfni, þ.e. með prósentuálagi, launaflokkum eða þrepum í launatöflu. Greiðslur eru mismunandi eftir kjarasamningum. Í aðhvarfsgreiningum er sérstaklega stýrt fyrir þessum hækkunum.

³Það á við um eftirfarandi félög: BRÚ félag stjórnenda, Byggið, Efling, stéttarfélag, Fræðagarður, Félag iðn- og tækni-greina, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra rafvirkja, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjuþjálfafélag Íslands, SBU, Sameyki, Sameyki - HM, Sjúkraliðafélag Íslands, Stéttarfélag sjúkrapjálfa, Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Stéttarfélag verkfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Proskapjálfafélag Íslands.

3.3 Aðrar breytur í greiningu

Starfsheiti hjá Reykjavíkurborg voru alls 613 talsins. Sum starfsheiti koma fyrir í fleiri en einum starfaflokki og eru þau aðskilin og starfaflokknum bætt við starfsheitið. Störf höfðu verið flokkuð eftir ÍSTARF 95 starfaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands. Kerfið er sniðið eftir Alþjóðlegu starfaflokkuninni, International Standard Classification of Occupations, ISCO-88 sem Alþjóðavinnuálagstofnunin gaf út árið 1990. Störf eru flokkuð eftir eðli starfsins og kröfum um kunnáttu. Í þessari greiningu var grófasta flokkun ÍSTARF 95 notuð. Það eru flokkarnir: 1) kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur, 2) sérfræðingar, 3) tækna- og sérmenntað starfsfólk, 4) skrifstofufólk, 5) fólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum, 6) bændur og fiskimenn, 7) iðnaðarfólk og sérhæft iðnverkafólk, 8) véla- og vélgæslufólk og 9) ósérhæft starfsfólk. Vegna þess hversu fáir sinna störfum í flokkum 6, 7 og 8 voru þeir sameinaðir fyrir úrvinnslu.

Til þess að leggja samræmt mat á ólík störf innan Reykjavíkurborgar með tilliti til krafna sem þau gera til starfsfólks hafa öll störf innan Reykjavíkurborgar verið metin samkvæmt starfsmatskerfinu í 17 starfaflokka. Þessi starfaflokkun byggir á starfsmatsstigum fyrir 472 störf á bilinu 0–1000 eftir viðmiðum um þekkingu og færni, ábyrgð, álag og vinnuáðstæður. Þessari starfaflokkun er hægt að skipta upp í fjóra yfirflokk; almennt starfsfólk, sérhæft starfsfólk, sérfræðingar/verkefnastjórar og stjórnendur.

Störf voru flokkuð í karla- og kvennastörf. Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf.

3.4 Starfsfólk – Bakgrunnsupplýsingar

Meirihluti starfsfólks Reykjavíkurborgar er konur, 73% starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og 67% starfsfólks í tímavinnu (sjá töflu 3). Yfir helmingur alls starfsfólks er í fullu starfi og um fimmtungur til viðbótar er í 60–99% vinnu (sjá töflu 4). Um 10% starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og 6% í tímavinnu eru með erlent ríkisfang (sjá töflu 6). Aldurspíramídi á mynd 4 sýnir fjölda karla og kvenna á hverju aldursári fyrir sig. Þá má sjá að fjöldi kvenna á hverju aldursári er tiltölulega jafn. Hins vegar má sjá að nokkuð stór hluti karla er á aldrinum 20 til 35 ára eða 45%. Meðalaldur karla er 37,7 ár, meðalaldur kvenna er 41,7 ár (sjá mynd 4) en meðalaldur kynsegin fólks er 33 ár. Kynsegin einstaklingar eru aðeins níu og er þeim sleppt í launagreiningunni. Meirihluti starfsfólks fellur undir skóla- og frístundasvið eða 56% og velferðarsvið eða 30% (sjá töflu 8).

Tafla 3. Kyn

	Í ákveðnu starfshlutfalli		Í tímavinnu	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Karl	2.544	■ 27%	231	■ 33%
Kona	6.907	■ 73%	467	■ 67%
Kynsegin	6	0%	3	0%
Fjöldi alls	9.457	100%	701	100%

Eftirfarandi töflur og myndir lýsa aðeins bakgrunnspáttum karla og kvenna vegna persónuverndar-sjónarmiða.

Tafla 4. Starfshlutfall

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Minna en 30%	463	5%	63%	0		
30%–59%	1.358	14%	68%	0		
60%–79%	830	9%	74%	0		
80%–99%	1.129	12%	76%	0		
100%	5.652	60%	75%	0		
Meira en 100%	19	0%	58%	0		
Fjöldi	9.451	100%		0	—	
Ekki með starfshlutfall	0			698		67%
Fjöldi alls	9.451			698		

Tafla 5. Fjöldi starfa einstaklings⁴











	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
1	8.999	95%	73%	656	94%	67%
2	418	4%	67%	38	5%	66%
3	31	0%	45%	2	0%	50%
4	3	0%	100%	1	0%	0%
5	0	0%		1	0%	0%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	


Tafla 6. Ríkisfang

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Íslenskt	8.487	90%	73%	657	94%	66%
Erlent	964	10%	77%	41	6%	76%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	

⁴Fjöldi starfa er skilgreindur út frá samsetningu starfsmannanúmers og einkennislyklis starfs sem einstaklingur fær greidd laun á.

Tafla 7. Aldur

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Yngri en 30 ára	2.382	 25%	65%	442	 63%	65%
30–39 ára	2.223	 24%	69%	88	 13%	60%
40–49 ára	1.948	 21%	79%	62	 9%	74%
50–59 ára	1.678	 18%	80%	40	 6%	72%
60 ára og eldri	1.220	 13%	78%	66	 9%	76%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	


Mynd 4. Aldursdreifing karla og kvenna

Tafla 8. Starfssvið

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Fjármála- og áhættustýringarsvið	106	1%	75%	0	0%	
Íþróttá- og tómstundasvið	330	3%	50%	47	7%	53%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	18	0%	83%	2	0%	100%
Menningar- og ferðamálasvið	188	2%	75%	26	4%	65%
Skóla- og frístundasvið	5.439	58%	80%	270	39%	70%
Skrifst. ráðhúss / miðlæg stjórnarsýsla	75	1%	71%	0	0%	
Umhverfis- og skipulagssvið	413	4%	31%	5	1%	40%
Velferðarsvið	2.691	28%	70%	346	50%	67%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	191	2%	54%	2	0%	50%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	

Tafla 9. ÍSTARF flokkun

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	712	8%	75%	1	0%	100%
Sérfræðingar	3.199	34%	83%	91	13%	73%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	1.077	11%	64%	61	9%	57%
Skrifstofufólk	207	2%	90%	4	1%	75%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	3.988	42%	69%	529	76%	67%
Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	50	1%	8%	2	0%	50%
Ósérhæft starfsfólk	218	2%	33%	10	1%	40%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	

3.4.1 Starfaflokkun

Alls eru 613 starfsheiti í launakerfi Reykjavíkurborgar sem flokkast í 17 starfaflokka. Innan hvers starfaflokks eru sambærileg störf flokkuð saman. Störf í einum starfaflokki eru ekki endilega hærra launuð en störf í öðrum. Þessir 17 starfaflokkar raðast því ekki fullkomlega í launaröð eða starfsmatsstigarað. Yfir helmingur starfsheita (314 af 613) eru starfsheiti sem einungis þrjú eða færri einstaklingar hafa, þar af eru 212 starfsheiti sem eiga við aðeins einn einstakling. Aftur á móti eru starfsheitin oft mjög lík og virðast tilheyra eins eða svipuðu starfi og gjarnan með jafn mörg starfsmatsstig og svipaða launadreifingu. Í töflum 10 og 11 má sjá fjölda og hlutfall starfsfólks í hverjum starfaflokki og yfirstarfaflokki. Í töflum 36 til 54 í viðauka má sjá hvernig starfsheiti raðast í starfaflokka.

Á mynd 5 má sjá hvernig starfsheiti innan hvers starfaflokks dreifast á ÍSTARF flokka. Litirnir á reitunum í myndinni gefa til kynna hversu stórt hlutfall starfsheita innan hvers starfaflokks flokkast innan sama ÍSTARFS flokks, eftir því sem liturinn er ljósari, því hærra hlutfall raðast í sama ÍSTARF flokk.

Á mynd 6 má sjá dreifingu starfsmatsstiga innan starfaflokka.

Tafla 10. Starfaflokkar


	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Stjórnandi I	9	0%	33%	0	0%	
Stjórnandi II	167	2%	74%	1	0%	100%
Stjórnandi III	309	3%	76%	0	0%	
Stjórnandi IV	214	2%	77%	0	0%	
Stjórnandi V	41	0%	37%	0	0%	
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	161	2%	90%	0	0%	
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	523	6%	76%	4	1%	75%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	1.914	20%	85%	20	3%	65%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	1.064	11%	75%	85	12%	69%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	460	5%	75%	14	2%	86%
Sérhæft starfsfólk I	77	1%	84%	5	1%	100%
Sérhæft starfsfólk II	470	5%	73%	6	1%	100%
Sérhæft starfsfólk III	359	4%	74%	39	6%	64%
Sérhæft starfsfólk IV	148	2%	58%	14	2%	64%
Almennt starfsfólk I	2.172	23%	61%	327	47%	65%
Almennt starfsfólk II	1.272	13%	74%	171	24%	67%
Almennt starfsfólk III	91	1%	29%	12	2%	42%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	

Tafla 11. Yfirstarfaflokkar

	Í ákveðnu starfshlutfalli			Í tímavinnu		
	Fjöldi	Hlutfall	% konur	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Stjórnendur	740	8%	73%	1	0%	100%
Sérfræðingar/verkefnastjórar	4.122	44%	80%	123	18%	71%
Sérhæft starfsfólk	1.054	11%	72%	64	9%	70%
Almennt starfsfólk	3.535	37%	65%	510	73%	65%
Fjöldi alls	9.451	100%		698	100%	

Stjórnandi I	0%	0%	0%	0%	0%	11,1%	88,9%
Stjórnandi II	0%	0%	0%	0%	0%	1,2%	98,8%
Stjórnandi III	0%	0%	0%	0%	0%	11,0%	89,0%
Stjórnandi IV	0%	0%	1,9%	0,9%	8,9%	14,0%	74,3%
Stjórnandi V	0%	17,1%	0%	0%	9,8%	12,2%	61,0%
Sérfræðingur verkefnastjóri I	0%	0%	0%	0%	0,6%	96,9%	2,5%
Sérfræðingur verkefnastjóri II	0%	0%	0%	0,2%	9,9%	85,0%	4,9%
Sérfræðingur verkefnastjóri III	0%	0,1%	1,5%	0%	4,4%	91,6%	2,4%
Sérfræðingur verkefnastjóri IV	0%	0,2%	10,4%	0,8%	18,7%	70,0%	0%
Sérfræðingur verkefnastjóri V	0%	0,4%	78,7%	0,8%	18,8%	1,3%	0%
Sérhæft starfsfólk I	0%	1,2%	13,4%	2,4%	52,4%	29,3%	1,2%
Sérhæft starfsfólk II	5,0%	4,4%	45,0%	16,4%	26,9%	1,9%	0,4%
Sérhæft starfsfólk III	0%	0,3%	62,8%	20,4%	16,6%	0%	0%
Sérhæft starfsfólk IV	0%	2,5%	75,9%	14,8%	6,8%	0%	0%
Almennt starfsfólk I	2,8%	0,4%	79,8%	0%	17,0%	0%	0%
Almennt starfsfólk II	3,0%	0,1%	96,7%	0,1%	0%	0%	0%
Almennt starfsfólk III	87,4%	0%	4,9%	7,8%	0%	0%	0%
	Ósérhæft starfsfólk	Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	Skrifstofufólk	Tæknar og sérmenntað starfsfólk	Sérfræðingar	Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur

Mynd 5. Dreifing ÍSTARF flokka innan starfaflokka



Mynd 6. Dreifing starfsmatsstiga innan starfaflokka⁵

3.5 Tölfræðigreining

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er þýði greiningarinnar og gögnin sem greind eru hafa að geyma upplýsingar um allt þýðið. Línuleg aðhvarfsgreining, *ordinary least squares regression*, var notuð til að athuga hvort munur væri á launum karla og kvenna, þ.e. uppreiknuðum grunn- og heildarlaunum. Gerðar voru fjórar aðhvarfsgreiningar fyrir uppreiknuð grunn- og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og þrjár fyrir uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks. Einnig voru gerðar þrjár aðhvarfsgreiningar til viðbótar á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk þar sem tekið var tillit til ríkisfangs.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli:

- a. kyns, aldurs og persónuþátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka
- b. kyns, aldurs, persónuþátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka og starfaflokks

⁵Eingöngu var skoðuð dreifing stiga þeirra starfa sem samið hafa um starfsmat. Þannig hefur engum störfum innan starfaflokksins stjórnandi I verið úthlutað starfsmatsstigum.

- c. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka og ÍSTARF flokkunar.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli:

- a. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags
- b. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og starfaflokks
- c. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og ÍSTARF flokkunar.

Tekið var tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningum á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk:

- a. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags
- b. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og starfaflokks
- c. kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og ÍSTARF flokkunar.

Í kafla þar sem laun eru skoðið eftir ríkisfangi var tekið tillit til eftirfarandi breyta í aðhvarfsgreiningu á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk:

- a. ríkisfangs, kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og starfaflokks
- b. ríkisfangs, kyns, kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og starfaflokks
- c. ríkisfangs, kyns, samvirkni erlends ríkisfangs og kyns, kyns, aldurs, persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa, fjölda tíma í álagsvinnu / vaktálags og starfaflokks.

Að auki var í sérstökum kafla greindur launamunur starfsfólks með starfsheiti sem hafa verið metin með starfsmatsstigum. Þar var gerð aðhvarfsgreining fyrir uppreiknuð grunn- og heildarlaun fólks í ákveðnu starfshlutfalli og uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks. Þetta var gert til að geta greint meðaláhrif mismunandi þátta á laun. Þannig er hægt að sjá hver munurinn er á launum karla og kvenna sem eru jafn gömul, vinna jafnan fjölda yfirvinnustunda, eru í sama starfshlutfalli og sinna sambærilegu starfi.

Forsendur aðhvarfsgreininga voru eftirfarandi:



- a. Uppreiknuð grunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og tekið tillit til kyns og starfsmatsstiga
- b. Uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og tekið tillit til kyns, starfsmatsstiga, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags
- c. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks og tekið tillit til kyns, starfsmatsstiga, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, eininga vegna annarra launa og fjölda tíma í álagsvinnu / vaktaálags.

Í aðhvarfsgreiningu voru launatölur settar á lograkvarða. Ein af ástæðunum fyrir þessu er að laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt. Til að reikna út hversu mikinn hlutfallsmun aðhvarfsstuðullinn sýnir, að öðrum skýribreytum óbreyttum (*ceteris paribus*), er hann settur sem veldi af fastanum e og einn dreginn frá. Ef stuðullinn fyrir konur er, sem dæmi, $-0,1$ þá getum við reiknað út að konur séu með $e^{0,1} - 1$ eða 10,5% lægri meðallaun en karlar að gefnum skýribreytum.

4 Niðurstöður

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar upplýsingar um uppreiknuð meðalgrunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli, dreifingu launa eftir kyni og starfaflokki og meðallaun eftir helstu bakgrunnsbreytum; aldri, ríkisfangi, starfaflokki, sviði og starfsheiti. Þá eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreininga á launamun karla og kvenna. Næst má sjá niðurstöður greininga eftir að störf hafa verið flokkuð í karla- og kvennastörf. Loks má sjá spönn og miðgildi uppreiknaðra grunnlauna eftir starfaflokki.

Niðurstöður greininga á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eru birtar á sama hátt og greiningar uppreiknaðra grunnlauna.

Uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli og tímavinnufólk eru greind sérstaklega. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks eru greind á sama hátt og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli. Með þessu móti er hægt að bera saman laun allra óháð því hvort starfsfólk sem sinnir störfunum sé í ákveðnu starfshlutfalli eða á tímalaunum.

Laun starfsfólks með erlent ríkisfang voru skoðuð sérstaklega. Fyrst eru birtar upplýsingar um fjölda og hlutfall starfsfólks í hverjum starfaflokki. Þá eru uppreiknuð heildarlaun starfsfólks með erlent og íslenskt ríkisfang borin saman og að lokum birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar þar sem tekið er tillit til ríkisfangs.


Í lokin er skoðuð fylgni starfsmatsstiga við grunnlaun annars vegar og uppreiknuð heildarlaun fyrir allt starfsfólk hins vegar. Auk þess var launamunur kynjanna skoðaður með aðhvarfsgreiningum þar sem tillit var tekið til starfsmatsstiga.

4.1 Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli


4.1.1 Uppreiknuð grunnlaun

Hér á eftir verður gerð grein fyrir uppreiknuðum grunnlaunum starfsmanna Reykjavíkurborgar í ákveðnu starfshlutfalli. Birtar eru upplýsingar um meðalgrunnlaun starfsmanna, dreifingu grunnlauna eftir kyni og starfaflokki og meðallaun eftir starfsheiti.

Meðalgrunnlaun starfsmanna í ákveðnu starfshlutfalli eru 579 þúsund krónur. Konur voru með 6,8% hærra grunnlaun en karlar þegar ekki hafði verið tekið tillit til annarra breyta (sjá mynd 7). Á mynd 8 má sjá dreifingu meðalgrunnlauna karla og kvenna í kringum miðgildi launa. Þar má sjá að miðgildi launa kvenna er 554.201 samanborið við 500.364 meðal karla. Á mynd 9 sem sýnir dreifingu grunnlauna karla og kvenna eftir starfaflokki má sjá að miðgildi grunnlauna kvenna er hærra í starfaflokkunum stjórnandi I til IV. Í töflu 13 má sjá að ekki er mikill munur á launum karla og kvenna innan fjölmennustu starfsheita.




Mynd 7. Meðaltal uppreiknaðra grunnlauna⁶ starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni



Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungsspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

Mynd 8. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna

⁶Grunnlaun voru uppreiknuð út frá starfshlutfalli.



Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

Mynd 9. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna eftir starfslíkurflokkum

Tafla 12. Uppreiknuð grunnlaun eftir helstu bakgrunnsbreytum

	Meðalgrunnlaun uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall ¹⁾
	Karl	Kona	Karl	Kona	
<i>Allt starfsfólk</i>	551.130	588.838	2.544	6.907	■ 107%
<i>Aldur</i>					
Yngri en 30 ára	475.894	486.390	841	1.541	■ 102%
30–39 ára	541.799	571.932	690	1.533	■ 106%
40–49 ára	605.877	618.087	408	1.540	■ 102%
50–59 ára	637.285	652.363	340	1.338	■ 102%
60 ára og eldri	619.359	645.120	265	955	■ 104%
<i>Ríkisfang</i>					
Íslenskt	555.955	599.446	2.321	6.166	■ 108%
Erlent	500.908	500.564	223	741	■ 100%
<i>Starfaflokkur</i>					
Stjórnandi I	1.585.167	-	6	3	
Stjórnandi II	1.008.420	1.018.871	43	124	■ 101%
Stjórnandi III	823.553	859.386	73	236	■ 104%
Stjórnandi IV	693.999	718.028	50	164	■ 103%
Stjórnandi V	612.859	608.664	26	15	■ 99%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	757.912	758.385	16	145	■ 100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	698.299	724.197	128	395	■ 104%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	662.548	670.838	293	1.621	■ 101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	595.706	599.476	265	799	■ 101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	519.833	523.955	113	347	■ 101%
Sérhæft starfsfólk I	539.687	553.893	12	65	■ 103%
Sérhæft starfsfólk II	528.996	536.484	125	345	■ 101%
Sérhæft starfsfólk III	504.904	511.335	95	264	■ 101%
Sérhæft starfsfólk IV	468.541	468.415	62	86	■ 100%
Almennt starfsfólk I	476.330	475.898	845	1.327	■ 100%
Almennt starfsfólk II	446.101	447.630	327	945	■ 100%
Almennt starfsfólk III	434.130	442.375	65	26	■ 102%
<i>Svið</i>					
Fjármála- og áhættustýringarsvið	718.922	628.447	27	79	■ 87%
Íþróttá- og tómstundasvið	510.648	500.288	166	164	■ 98%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	-	805.460	3	15	
Menningar- og ferðamálasvið	595.842	618.260	47	141	■ 104%
Skóla- og frístundasvið	554.046	592.933	1.104	4.335	■ 107%
Skrifstofur ráðhúss / miðlæg stjórnsýsla	864.260	718.366	22	53	■ 83%
Umhverfis- og skipulagssvið	568.764	618.531	284	129	■ 109%
Velferðarsvið	521.382	572.253	804	1.887	■ 110%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	648.900	654.663	87	104	■ 101%

¹⁾ Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Blár litur þýðir að meðallaun karla eru hærri en kvenna, rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærri eða jöfn launum karla.

Tafla 13. Uppreiknuð grunnlaun eftir kyni og starfsheiti (30 fjölmennustu starfsheiti)

Starfsheiti	Meðalgrunnlaun uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall ¹⁾
	Karl	Kona	Karl	Kona	
Sérkennari, lt. 1	724.340	710.194	21	106	■ 98%
Sérkennari, lt. 2	671.173	685.399	10	69	■ 102%
Deildarstjóri, lt. A	661.902	680.940	4	83	■ 103%
Sérfræðingur 3 — Sérfr./verkefnast. II	677.326	679.037	33	62	■ 100%
Umsjónarkennari, lt. 1	662.474	676.041	71	398	■ 102%
Deildarstjóri, lt. B	-	673.153	3	73	
Umsjónarkennari, lt. 2	662.139	673.136	29	184	■ 102%
Teymisstjóri sértækrar búsetu	669.046	665.010	20	57	■ 99%
Grunnskólakennari, lt. 1	638.366	651.980	45	157	■ 102%
Grunnskólakennari, lt. 2	637.540	650.667	50	85	■ 102%
Stuðningsráðgjafi	579.253	580.336	49	69	■ 100%
Deildarstjóri C	526.631	531.759	8	77	■ 101%
Leikskólaleiðbeinandi B	521.782	524.220	25	108	■ 100%
Stuðningsfulltrúi m/sérhæfingu	513.968	522.015	26	53	■ 102%
Frístundaráðgjafi	519.850	516.802	45	67	■ 99%
Stuðningsfulltrúi í sértæku starfi	487.281	487.495	79	81	■ 100%
Stuðningsfulltrúi	471.351	485.368	88	141	■ 103%
Stuðningsfulltrúi1	476.878	476.994	362	387	■ 100%
Frístundaleiðb. m/ umsjón — Alm. starfsfólk I	475.915	472.527	43	59	■ 99%
Leiðbeinandi 2	461.502	473.727	6	78	■ 103%
Starfsmaður búsetuþjónustu	470.338	472.820	71	79	■ 101%
Frístundaleiðbeinandi	465.865	463.488	45	52	■ 99%
Starfsmaður við umönnun	455.615	467.183	35	82	■ 103%
Starfsmaður heimaþjónustu	456.064	464.311	12	146	■ 102%
Leiðbeinandi 1 með stuðning	455.599	458.672	12	71	■ 101%
Skólaliði	448.901	451.744	22	187	■ 101%
Sundlaugarvörður	450.049	446.856	85	73	■ 99%
Leiðbeinandi 1	444.457	447.189	87	475	■ 101%
Aðstoðarmaður í eldhúsi	443.913	446.818	14	57	■ 101%
Frístundaleiðbeinandi á frístundaheimili	441.089	440.037	81	98	■ 100%

¹⁾ Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Blár litur þýðir að meðallaun karla eru hærri en kvenna, rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærri eða jöfn launum karla. Til verndar persónuupplýsingum eru aðeins birt meðaltöl fyrir hópa með fleiri en þrjá starfsmenn. Hlutfall er birt fyrir starfsheiti með fjóra eða fleiri af hvoru kyni.

Gerðar voru fjórar aðhvarfsgreiningar á uppreiknuðum grunnlaunum. Tekið var tillit til kyns, aldurs og persónubátta vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka í þeirri fyrstu (a) en í annarri aðhvarfsgreiningu (b) var starfaflokkur bætt við. Í þeirri þriðju (c) var ÍSTARF-flokkun sett inn í stað starfaflokks. Í þeirri síðustu náði greiningin aðeins til starfsfólks í að minnsta kosti 70% starfshlutfalli. Greiningarnar leiddu í ljós lítinn sem engan mun á grunnlaunum karla og kvenna þegar tekið hafði verið tillit til starfaflokks eða ÍSTARF-flokkunar (sjá töflur 14 til 15).

Tafla 14. Aðhvarfsgreiningar á uppreiknuðum grunnlaunum

	(a)	(b)	(c)
<i>Kyn</i> ¹⁾			
Kona	2,99%***	0,27%*	-0,03%
<i>Aldur</i>			
Aldur	2,41%***	-0,01%	0,54%***
Aldur ²	-0,02%***	0,00%***	-0,00%***
<i>Persónubættir</i>			
Menntun	6,94%***	-0,06%	2,63%***
Starfsreynsla	0,59%**	1,33%***	1,74%***
Hæfni	-2,44%*	-0,95%**	-1,26%*
<i>Starfaflokkur</i> ²⁾			
Stjórnandi II		-35,82%***	
Stjórnandi III		-45,98%***	
Stjórnandi IV		-54,13%***	
Stjórnandi V		-61,24%***	
Sérfræðingur/verkefnastjóri I		-51,27%***	
Sérfræðingur/verkefnastjóri II		-53,76%***	
Sérfræðingur/verkefnastjóri III		-56,88%***	
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV		-61,10%***	
Sérfræðingur/verkefnastjóri V		-65,41%***	
Sérhæft starfsfólk I		-64,11%***	
Sérhæft starfsfólk II		-65,74%***	
Sérhæft starfsfólk III		-67,23%***	
Sérhæft starfsfólk IV		-68,84%***	
Almennt starfsfólk I		-68,51%***	
Almennt starfsfólk II		-70,25%***	
Almennt starfsfólk III		-71,55%***	
<i>ÍSTARF flokkun</i> ³⁾			
Sérfræðingar			-18,67%***
Tæknar og sérmenntað starfsfólk			-32,41%***
Skrifstofufólk			-36,82%***
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk			-38,94%***
Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn			-35,31%***
Ósérhæft starfsfólk			-42,37%***
Fjöldi	9.451	9.451	9.451
Skýrður breytileiki (leiðrétt R^2):	0,33	0,93	0,81

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. Háð breyta er náttúrulegur logri uppreiknaðra grunnlauna.

1) Meðalmunur uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna.

2) Stýrt er fyrir stöðu í starfaflokkun með tvíkostakóðun (dummy coding), samanburðarhópur er stjórnandi I'.

3) Stýrt er fyrir flokkun í ÍSTARF95 með tvíkostakóðun (dummy coding), samanburðarhópur er ósérhæft starfsfólk.

Tafla 15. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum eftir ÍSTARF flokki (aðeins starfsfólk í 70% starfshlutfalli eða meira)


	Hlutfallsmunur	Stuðull	Staðalskekka
Fasti		13,384***	0,015
Kyn ¹⁾			
Kona	0,00%	0,000	0,003
Aldur			
Aldur	0,63%	0,006***	0,001
Aldur ²	-0,00%	-0,000***	0,000
Persónuþættir			
Menntun	2,54%	0,025***	0,002
Starfsreynsla	1,51%	0,015***	0,001
Hæfni	-1,31%	-0,013*	0,006
ÍSTARF flokkun ²⁾			
Sérfræðingar	-18,54%	-0,205***	0,004
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	-32,01%	-0,386***	0,005
Skrifstofufólk	-36,40%	-0,452***	0,008
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	-39,15%	-0,497***	0,004
Iðnaðarmenn, vélafólk, bændur og fiskimenn	-35,49%	-0,438***	0,015
Ósérhæft starfsfólk	-42,29%	-0,550***	0,008
Fjöldi:	7.275		
Skýrður breytileiki (leiðrétt R^2):	0,79		

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. Háð breyta er náttúrulegur logri uppreiknaðra grunnlauna.

¹⁾ Meðalmunur uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna.


²⁾ Stýrt er fyrir flokkun í ÍSTARF95 með tvíkostakóðun (dummy coding), samanburðarhópur er „kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur“.

Á mynd 10 má sjá hvernig grunnlaun karla- og kvennastarfa dreifast. Miðgildi og meðaltal grunnlauna kvennastarfa eru heldur hærri en karlastarfa. Á mynd 11 má sjá hvernig laun starfa innan hvers starfaflokks dreifast. Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti var karlar en annars kvennastörf. Mikill meirihluti starfa eru kvennastörf eða 456 af 604 störfum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.



Mynd 10. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna í karla- og kvennastörfum⁷

⁷Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf.



Störf voru skilgreind sem karlastörf ef meira en helmingur starfsfólks með viðkomandi starfsheiti voru karlar en annars kvennastörf. Hvert starfsheiti er táknað með punkti en starfsheiti eru aðeins birt ef fjórir eða fleiri eru innan þess.


Mynd 11. Karla- og kvennastörf eftir yfirstarfaflokki og uppreiknuðum grunnlaunum

4.1.2 Uppreiknuð heildarlaun


Hér á eftir verður gerð grein fyrir uppreiknuðum heildarlaunum starfsmanna Reykjavíkurborgar í ákveðnu starfshlutfalli. Birtar eru upplýsingar um meðalheildarlaun starfsmanna, dreifingu heildarlauna eftir kyni og starf flokki og meðallaun eftir starfsheiti.

Meðalheildarlaun starfsmanna í ákveðnu starfshlutfalli eru 675 þúsund krónur. Konur voru með 1,1% lægri heildarlaun en karlar þegar ekki hafði verið tekið tillit til annarra breyta (sjá mynd 12).

Á mynd 13 má sjá dreifingu meðalheildarlauna karla og kvenna í kringum miðgildi launa. Þar má sjá að heildarlaun karla og kvenna dreifast frekar jafnt.



Mynd 12. Meðaltal uppreiknaðra heildarlauna⁸ starfsfólks með ákveðið starfshlutfall eftir kyni




Kassarnir sýna miðgildi ásamt efri og neðri fjórðungsmörkum. Lengd línanna er að hæsta/lægsta gildi eða 1,5 fjórðungaspönn frá fjórðungsmörkum ef hæstu/lægstu gildi ná lengra.

Mynd 13. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna

